

UMBOÐSMAÐUR ALPINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F89/2020

Reykjavík, 27. maí 2020

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

I

Umboðsmaður Alþingis hefur að undanfögnu haft til athugunar afgreiðslutíma mála hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, einkum sífjamála. Athugunin kom upphaflega til vegna upplýsinga sem komu fram í máli einstaklings sem kvartaði til umboðsmanns í desember sl. Sú kvörtun laut að töfum á afgreiðslu máls er varðaði umgengni við barn þess sem kvartaði. Í svörum sýslumanns kom fram að ástæður tafanna væru m.a. viðvarandi mannekla hjá embættinu. Hinn 22. janúar sl. ritaði umboðsmaður dómsmálaráðherra bréf þar sem óskað var upplýsinga um hvort ráðuneytið hygðist eða hefði þegar gripið til aðgerða til að bregðast við vanda sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vegna stöðu fjölskyldumála hjá embættinu. Jafnframt var óskað upplýsinga um hvort ráðuneytið hefði brugðist við töfum á þinglýsingum og skráningu skjala hjá sama embætti. Nánari grein var gerð fyrir ástæðum fyrirspurnarinnar í bréfinu og vísast til þess.

Svar ráðuneytisins barst með bréfi, dags. 25. febrúar sl. Þar segir um þinglýsingar og skráningu skjala hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu að ráðuneytið og embættið hafi þegar gripið til aðgerða sem hafi leitt til þess að biðtími vegna þinglýsinga og skráninga hafi styst. Verklag hafi verið endurskoðað og fleiri fulltrúar ráðnir til að sinna þinglýsingum. Hægt sé að sjá upplýsingar um afgreiðslutíma þinglýsinga á vef embættisins og hann sé nú nokkrir dagar, í stað tveggja til þriggja vikna þegar aðgerðirnar hófust.

Í bréfi ráðuneytisins er jafnframt upplýst að fjárheimild vegna sýslumannsembættanna hafi verið hækkuð varanlega um 150 milljónir í fjárlögum ársins 2020. Hluta fjármagnsins eigi að verja til að styrkja rekstargrundvöll embættisins á höfuðborgarsvæðinu þannig að embættið gæti sinnt sínum verkefnum innan eðlilegra tímamarka. Jafnframt er gerð grein fyrir því að sérstaklega hafi verið unnið með embættinu, m.a. fundað með fjölskyldusviði, og verkefni færð tímabundið til annarra sýslumannsembætta. Einnig kemur fram að frekari aðgerðir séu í undirbúningi hjá ráðuneytinu og séu væntanlegar á næstunni.

Þá kom fram í skriflegu svari dómsmálaráðherra 20. febrúar sl. við fyrirspurnum þingmanns, m.a. um málshraða í sáttameðferðarmálum, að ráðherra væri meðvitaður um þann langa tíma sem það tæki að komast að í

sáttameðferð og að hann vonaðist til að hægt yrði að bæta stöðuna á fjölskyldusviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu á næstunni.

II

Eftir að umboðsmanni bárust svör ráðuneytisins hafa honum borist ábendingar, m.a. frá lögmönnum, um tafir hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu á ýmsum málefnasviðum. Meðal þess sem bent hefur verið á er langur biðtími eftir viðtalstíma vegna skilnaðarmála og dánarbússkipta. Einnig að það sé margra mánaða bið eftir viðtölum í sáttameðferð í fjölskyldumálum og það taki langan tíma að ljúka slíku ferli.

Í þessu samhengi er rétt að vísa til upplýsinga í tilvitnuðu svari dómsmálaráðherra frá 20. febrúar sl. við fyrirspurnum þingmanns um stjórnsýslu í forsjár- og umgengnismálum. Samkvæmt þeim er biðtími eftir viðtali hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu vegna breytinga á forsjá og/eða umgengni um sjö vikur. Ef um ágreiningsmál er að ræða þá er biðtími lengri, en í svarinu kemur fram að lengsti tími í slíku máli hafi verið 220 dagar. Jafnframt kom fram að meðalfjöldi daga frá því að beiðni um breytingu á forsjá og/eða umgengni berst sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og þar til máli er lokið sé 473 dagar í umgengnismálum og 64 dagar í forsjár- og meðlagsmálum. Lengsti tími í umgengnismáli hafi verið 1852 dagar (rúm fimm ár) og 1060 dagar (tæp þrjú ár) í forsjár- og meðlagsmáli.

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu sýslumannsembættanna, *syslumenn.is* frá 22. maí sl. var þann dag búið að afgreiða hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu almenn skjöl sem voru móttækin til og með 12. maí sl. Afgreiðslutími slíkra skjala var því átta virkir dagar. Staða fjölskyldumála hjá embættinu var 13. maí sl. þannig, samkvæmt upplýsingum á síðunni, að erindi um umgengni, forsjá og lögheimili sem bárust fyrir 7. ágúst 2019 höfðu verið tekin til umfjöllunar og mál sem vísað var til sáttameðferðar fyrir 25. júní 2019 höfðu verið tekin til umfjöllunar. Biðtíminn varðandi þessi mál virðist því vera um 9 mánuðir annars vegar og tæpir 11 mánuðir hins vegar.

Í þessu samhengi tel ég rétt að benda á að í 9. mgr. 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003 er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um m.a. framkvæmd sáttameðferðar. Á þessum grundvelli hafa aðeins verið settar reglur til bráðabirgða um sáttameðferð og eru þær frá 14. febrúar 2013. Í 4. mgr. 12. gr. þeirra segir að sáttameðferð skuli að jafnaði ekki taka lengri tíma en sex mánuði og aldrei standa lengur en 12 mánuði frá því að ákvörðun er tekin um að hefja hana. Af þessu verður ráðið að talið hafi verið að hagsmunir aðila standi til þess að ferli sáttameðferðar dragist ekki úr hófi fram, en ein ástæða þess að ég ákvað að hefja þessa athugun er hversu áríðandi það er, á sviði sifjamála sérstaklega, að úrlausn liggi fyrir á sem skemmstum mögulegum tíma, einkum m.t.t. hagsmuna og líðan þeirra barna sem eiga í hlut og foreldra þeirra þegar um umgengnis- og forsjármál er að ræða.

III

Líkt og áður sagði er í svarbréfi dómsmálaráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis frá 25. febrúar sl. upplýst að frekari aðgerðir vegna vanda sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu en þær sem þegar hefur verið gripið til séu væntanlegar á næstunni. Hið sama kemur einnig fram í tilvitnuðu svari ráðherra við fyrirspurnum frá þingmanni. Af þessum svörum og upplýsingum verður hins vegar ekki ráðið hvað felist nánar tiltekið í boðuðum aðgerðum og því óskar umboðsmaður, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, eftir nánari upplýsingum um það í hverju boðaðar aðgerðir felast og hvernig þeirri vinnu miði, sé hún þegar hafin. Er þá t.d. haft í huga hvort ráðuneytið hafi sett sér aðgerða- og tímaáætlanir vegna þessara mála, s.s. hver verði fyrstu viðbrögð þess til að létta álagi af og bæta þjónustu sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, hvenær aðgerðum verði hrundið í framkvæmd og ef þörf er á sérstöku fjármagni til þess, hvaða ráðstafanir hafi þá verið gerðar í þeirri viðleitni að tryggja nægilegt fjármagn til umbótanna o.s.frv.

Á grundvelli svara ráðuneytisins verður metið hvort tilefni sé til þess að umboðsmaður Alþingis taki stjórnarsýslu ráðuneytisins varðandi framangreind málefni til almennrar athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, eða hvort umboðsmaður muni að svo stöddu láta sitja við að fylgjast með þessum málum með hliðsjón af þeim kvörtunum og ábendingum sem honum kunna að berast og taka til frekari athugunar ef ástæða er talin til.

Þess er óskað að svör ráðuneytisins berist umboðsmanni eigi síðar en 24. júní nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir,
forstöðumaður frumkvæðisathugana